



Nýárshátíð

Nýárshátíðin eða rosh hashana stendur í tvo daga og er haldin að hausti, í september eða október. Við upphaf hennar hefst nýtt ár gyðinga um allan heim. Gyðingar minnst, með þessari hátíð, sköpunar heimsins. Blásið er í hrútshorn til að minna fólk á að það standi frammi fyrir Guði og á það að hvetja til iðrunar og yfirbóta. Hornið minnir á lúðrabýttinn við Sínaíffjall þegar þjóðin fékk lögmálið eða hrútinn sem Abraham fórnaði í stað Ísaks.



Hrútshorn er horn á hrúti, sem hér er búið að búa til lúður úr. Einnig hafa stundum verið gerð drykkjarmál úr slíkum hornum.

Hér staldra gyðingar við og líta til baka og skoða hvernig þeim hefur gengið að halda boðorð lögmálsins og hvernig þeir geta bætt sig í þeim efnunum. Guðþjónusta er haldin í sýnagógunni og stendur hún oft í margar klukkustundir, mun lengur en aðrar guðþjónustur.

Spurningar

1. Hvenær hefst nýtt ár samkvæmt tímatali gyðinga?
2. Hvers eru gyðingar að minnst með nýárshátíðinni?
3. Á hvað á hrútshornið sem blásið er á hátíðinni að minna?
4. Hvað gera gyðingar á þessum tímamótum? Þekkirðu svipaða áramótahefð sem er algeng hjá fólki á vesturlöndum?